

15.10.2023 (#6 2023-2024) kl. 17:00

## Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mættir eru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Margrét Ágústsdóttir, Margrét J. Magnúsdóttir, Sveinn Símonarson, Hildur Andrjesdóttir** og **Ragnar Fjalar Sævarsson**, sem jafnframt ritar fundargerð. Fjarverandi voru Sædís Jónsdóttir og Katrín Pálsdóttir. Þá sat **Geir Ómarsson** verkefnastjóri fundinn.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Pontevedra samantekt, keppni og fundir
3. Nefndarvinna
4. Fjárhagsstaða ÞRÍ
5. Stefnumótun
6. Uppskeruhátið
7. Formannafundur
8. Keppnistímabil 2024
9. Önnur mál

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

*Fundargerð samþykkt*

### 2. Pontevedra samantekt, keppni og fundir

Geir segir frá World Triathlon Championship Series sem haldin var í Pontevedra á Spáni í lok september. Flottur og fjölbreyttur hópur íslenskra keppenda tók þátt og stóð sig með þryði.

Skemmtileg keppni, keppt í þremur vegalengdum; ofur sprettur, aquabike og ólympísk.

Næsta keppni verður í Malaga á Spáni 18. Október 2024.

### 3. Nefndarvinna

Undirnefndir sambandsins gefa skýrslu:

**Dómaranefnd** – Það tókst vel að manna öll mótin í sumar. Flestir dómaraar dæmdu eitthvað í sumar. Barst kæra í Reykjanesþrautinni og ljóst að það þarf að skoða verklagsreglur.

**Mótanefnd** – Geir sagði að ekki hefði verið haldinn fundur frá síðasta stórnarfundi.

**Fræðslu- og útbreiðslunefnd** - Ragnar var með fund með aðilum úr grunnskólunum á Akureyri. Gekk mjög vel. Hann kynnti „Active skills for live“ prógrammið (sem er notað við kennslu og þjálfun í unglingastarfi af Príprautarsambandi Bretlands), en til stendur að keyra prufuverkefni á Akureyri.

#### 4. Fjárhagsstaða ÞRÍ

Margrét Á fer yfir fjárhagsstöðu ÞRÍ í kjölfarið á miklum útgjöldum í sambandi við uppskurð Guðlaugar Eddu. Sjúkrakostnaðurinn var samtals um 8 milljónir og með öllum kostnaði þá s.s gistingu, ferðalög ofl, þá er útlit fyrir að heildarkostnaður sé rétt um 12 milljónir. Það er ljóst að þetta hefur veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ÞRÍ.

Valerie og Margrét Á báru fram hugmynd um að ráða bókara sem er nú þegar að bóka fyrir önnur sérsambönd og að hann hæfi störf í desember 2023.

*Samþykkt*

#### 5. Stefnumótun

Viðburður hefur verið stofnaður á FB og búið að taka frá sal þann 4. nóvember kl 14. Guðrún frá Stretegiu ætlar að leiða fundinn.

#### 6. Uppskeruhátið

Uppskeruhátið verður haldin í ÍSÍ – Geir ætlar að athuga hvenær salur hjá ÍSÍ er laus. Stefnt á vikuna 6-10 nóvember.

Geir bar fram hugmynd um að verðlauna sérstaklega nýliða ársins.

*Samþykkt.*

#### 7. Formannafundur

Valerie og Geir ætla að finna tímasetningu á næstunni fyrir næsta formannafund.

#### 8. Keppnistímabil 2024

Umræða fer fram um keppnistímabilið 2024. Það sem helst þarf að huga að núna er að birta keppnisdagatal ekki seinna en í nóvember. Það sem helst þarf að fara yfir er að sum félögin eru að hugsa um breytingar á dagsetningum á keppnum.

Valerie kom með tillögu um að fara yfir keppnisdagatalið á næsta formannafundi og fá þá allar tillögur að breyttum dagsetningum frá félögnum.

*Samþykkt*

## 9. Önnur mál

Margrét M bar fram hugmynd að „Almennings þríbrautarkeppni“ eða „Almennings þríbrautardegi“ þar sem áhersla er á þátttöku, en ekki keppni. Styttri vegalengdir eins og t.d. 200m sund 7km hjól og stutt hlaup, jafnvel með engri tímatöku.

Það var mjög vel tekið undir þessa tillögu og Margrét M ætlar að skoða mögulega framkvæmd frekar á næstu vikum og kanna hvort ekki sé hægt að fá fólk sem er áhugasamt um að aðstoða við að framkvæma þetta.

Fundi slitið kl. 18.34

### Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 26. nóvember 2023.

*Samþykkt*

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum